

upptækar. Honum var síðan haldið í varðhaldi nokkur ár. Þó fékk hann að skrifa vinum sínum og trúbræðrum og þeim var leyft að heimsækja hann. Allan þann tíma, sem hann var í fangelsinu breiddust skoðanir hans út og fengu stöðugt fleiri áhangendur. Loks ásetti stjórnin í Persíu sér að eyðileggja hreyfinguna með því að taka hina helztu Babista af lífi. 1850 byrjuðu ofsóknir, sem knúðu Babistana til að taka upp vopn og verja sig. En þeir gátu ekki reist rönd við herliði stjórnarinnar og voru yfirunnir, stundum með svikum, og strádrepni. Mirza Ali Múhammad var tekinn úr fangelsinu, sem hann var í, fluttur til borgarinnar Tabriz og skotinn þar ásamt einum vini sínum og fylgjanda. Líkamir þeirra voru látnir hanga uppi á almannasæri, þangað til þeim var náð af vinum þeirra og grafnir.

Áður en Mirza Ali Múhammad dó hafði hann útnefnt einn af fylgjendum sínum til að vera estirmaður sinn. Sá var nefndur Subhiezal, sem þýðir morgun eilífðarinnar. Subhiezal var ungur og lítt reyndur, lærdómsmaður og draumsjónamaður mikill. Þegar hann var orðinn leiðtogi hreyfingarinnar byrjaði hann að safna saman og gefa út það sem hafði verið ritað um hina nýju trú. Ýmsir fleiri komu fram og þóttust vera estirmenn Mirza Ali Múhammads og olli það sundurlyndi meðal Babistanna sjálfsra. Þó breiddist trúin stöðugt út og stóð rétt-trúuðum Múhamedstrúarmönnum mikill stuggur af henni. Tveimur árum eftir dauða Mirza Ali Múhammads byrjuðu aftur voðalegar ofsóknir gegn öllum Babistum. Þrír þeirra höfðu gert sig seka í samsæri að ráða Sha-ínn (Konung Persa) af dögum. Það mishepnadist, en persneska stjórnin ásetti sér að taka alla Babista leiðtoga af lífi. Tuttugu og átta þeirra voru dreppnir í einu, eftir að hafa verið píndir voðalega, og mesti fjöldi Babtrúarmanna misti lífið. En þrátt fyrir ofsóknirnar fékst enginn þeirra til að ganga af trúnni. Með þessari dæmafáu staðfestu unnu þeir marga nýja áhangendur; og ofsóknirnar urðu að eins til þess að útbreiða trú þeirra enn þá meira.

Subhiezal og nokkrir aðrir komust undan til Bagdad, sem til heyrir tyrkneska ríkinu. Þar höfðust þeir við í ellefu eða tólf ár og unnu að útbreiðslu trúarinnar í Persíu; veittist þeim